

Reykholahreppur
Hlynur Torfi Torfason
Maríutröð 5a
380 Reykholahreppur

Reykjavík, 23. júlí 2024
UST202407-162/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kletts - Reykholahrepps

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykholahrepps er barst 9. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Kletts í Reykholahreppi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagssvæðið tekur til 40 ha svæðis, sem að hluta er skilgreint fyrir frístundabyggð (F14) og að hluta landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Reykholahrepps 2022-2034. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 15 lóðum fyrir frístundahús innan frístundabyggðar F14 og þremur athafnalóðum á landbúnaðarsvæði jarðarinnar Kletts.

Gróður, ásýnd og vernd

Með tilliti til landslags og ásýndar telur Umhverfisstofnun að sett skuli skilyrði og lögð áhersla á íslenskar (þ.e. ilmbjörk, reynivið, gulvíði eða loðvíði) og lágvaxta trjátegundir þegar kemur að gróðursetningu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að setja í skilmála að ekki skuli gróðursetja furu, ösp og grenitré.

Fuglalíf

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína t.d. sækir tjaldur í varpsvæði og fæði inn á land á vorin og sumrin. Því bendir Umhverfisstofnun á að votlendi, tún og melar geta verið varpsvæði og fæðusvæði vaðfugla.¹²

¹ <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=6&id=1>

² https://nmsi.is/molar/fugl_manadarins/tjaldur/

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur